



HJARTAVERND

Gagnasérfræðingur

Hjartavernd óskar eftir að ráða sérfræðing til að starfa við gagnagrunna vísindarannsóknna.

Helstu verkefni

- Samtenging gagna og SQL fyrirspurnir
- Uppsetning á gagnasettum og útleiðsla á breytum fyrir vísindarannsóknir
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila vegna gagna
- Lýsandi tölfraedi og eftir þörfum aðhvarfsgreiningar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í raunvísindum / verkfræði eða skyldum greinum
- Reynsla af vinnu með stór gagnasöfn
- Góð þekking á gagnagrunnum og fyrirspurnamáli (SQL)
- Þekking á tölfraedi og tölfraediforritum (R, Stata, SAS)
- Þekking á heilbrigðisgögnum og vísindarannsóknnum er kostur
- Góð almenn tölvufærni
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

Um Hjartavernd

Landssamtök Hjartaverndar voru stofnuð árið 1964. Rannsóknarstöð Hjartaverndar hóf starfsemi sína þremur árum síðar eða árið 1967 með mjög viðtækri faraldsfræðilegri rannsókn, Hóprannsókn Hjartaverndar, þar sem áhersla er lögð á að finna helstu áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma meðal Íslendinga. Innköllun í rannsóknina stóð yfir í meira en 40 ár og hefur náð til rúmlega þrjátíu þúsund Íslendinga. Margar nýjar rannsóknir hafa tengst henni. Þessar rannsóknir eru grundvöllur þekkingar hérlendis á helstu áhættuþáttum kransæðasjúkdóma. Hjartavernd hefur frá upphafi lagt áherslu á að koma niðurstöðum úr rannsóknum sínum til almennings og heilbrigðisstarfsfólks.

Unnið er að ýmsum verkefnum og mikið og gott samstarf er við aðrar stofnanir og rannsóknarstöðvar út um allan heim. Mikill fjöldi vísindagreina hefur verið birtur um rannsóknir Hjartaverndar.

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2021. Umsóknum skal skilað til Hjartaverndar, Holtasmára 1 201 Kópavogi merkt **Gagnasérfræðingur** eða á netfangið atvinna@hjarta.is